



Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Akureyri, 3. mars 2020
2002065 JFK

Efni: Umsögn Jafnréttisstofu vegna tillögu til þingsályktunar um Alþingi sem fjölskylduvænan vinnustað, 334. Mál

Jafnréttisstofa þakkar fyrir að fá að koma að umsögn sinni vegna ofangreinds máls. Um er að ræða tillögu um skipun starfshóps um Alþingi sem fjölskylduvænan vinnustað og á hann að skila tillögum að breytingum til forsætisnefndar Alþingis eigi síðar en í árslok 2020. Jafnréttisstofa styður þessa tillögu heilshugar og telur hana samræmast markmiðum 21. gr. laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þá er mikilvægt að umræða um réttindi kjörinna fulltrúa eigi sér stað, en líkt og bent er á í greinargerð gildir jafnréttisáætlun Alþingis einungis um starfsmenn þingsins en ekki kjörinna fulltrúa.

Jafnréttisstofa leggur til að tillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllst,



Jón Fannar Kolbeinsson
lögfræðingur